

# Minnisblað

Viðtakandi: Bæjarstjórn Vestmannaeyja

Sendandi: Framkvæmdastjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs

Dags. 21. janúar 2026

## Efni: Undirbúningur íbúakosningar – lykilákvarðanir bæjarstjórnar

### Inngangur – lagagrundvöllur og tilgangur

Íbúakosning er heimil samkvæmt 107. gr. sveitarstjórnarlaga og 60. gr. bæjarmálasamþykktar Vestmannaeyjabæjar, þar sem sveitarstjórn getur leitað eftir afstöðu íbúa í mikilvægum málum. Kosningin fer fram í samræmi við sveitarstjórnarlög, bæjarmálasamþykkt og reglugerð um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023.

Bæjarstjórn samþykkti á 1606. fundi sínum þann 7. maí 2024 að kanna hug íbúa til þess hvort hefja skuli vinnu við að byggja upp þróunarsvæði M2 sem fór undir hraun í gosinu eða ekki áður en lagt er af stað í skipulagsvinnu. Í því skyni ætti að fara fram íbúakosning í samræmi við 60. gr. bæjarmálasamþykktar og framvæmd eftir reglugerð 922/2023.

Áætlað var að íbúakosningin færi fram samhliða alþingiskosningum sem urðu síðan fyrr en áætlað var og því ekki nægur tími til að undirbúa íbúakosningu þeim samhliða. Bæjarráð ákvað á fundi sínum þann 26. ágúst sl. að umrædd íbúakosningu færi fram samhliða sveitarstjórnarkosningum vorið 2026. Var undirritaðri falið að undirbúa íbúakosningu samhliða komandi sveitarstjórnarkosningum og leggja drög að fyrirkomulagi fyrir bæjarráð.

### Tillögur um ákvarðanir sem sveitarstjórn þarf að samþykkja:

- Eðli kosningar:** Íbúakosningin verði ráðgefandi (ekki bindandi-ekki annað hægt á þessum tímamarki) með það að markmiði að tryggja lýðræðislega þátttöku og veita sveitarstjórn skýra mynd af vilja íbúa áður en teknar eru ákvarðanir um uppbyggingu á þróunarsvæðinu M2.
- Kjörskrá:** Lágmarksaldur verði 18 ára og miðist við þann dag sem einstaklingur hefur náð 18 ára aldri. Rétt til þátttöku í íbúakosningu eigi sömu borgarar og eiga rétt á að kjósa í sveitarstjórnarkosningunum. Kjörskrá fyrir íbúakosningu verði því samskonar og kjörskráin fyrir sveitarstjórnarkosningarnar.
- Kjörstjórn:** Kjörstjórn verði sú sama og sér um sveitarstjórnarkosningarnar og var skipuð af bæjarstjórn á 1584. fundi þann 9. júní 2022. Hlutverk hennar er m.a. að sjá um undirbúning og framkvæmd íbúakosningar sbr. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar 922/2023. Jafnframt er lagt til að kjörstjórn verði falið að ákveða

staðsetningu, skiptingu í kjördeildir, fyrirkomulag innan þeirra og opnunartíma íbúakosningar. Skilyrði er að íbúakosningin fari fram á sama tíma og sveitarstjórnarkosningarnar þann 16. maí 2026.

### **Tillaga að spurningu**

Ertu fylgjandi því að Vestmannaeyjabær skoði möguleika á uppbyggingu á þróunarsvæðinu M2, sem fór undir hraun í gosinu 1973?

Virðingarfyllst,

Drífa Gunnarsdóttir,

Framkvæmdastjóra stjórnslu- og fjármálasviðs